



LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélagss Íslands

6. árg. 1997 3. töl.

Forsetar gróðursetja birkitré

Svipmyndir úr Skotlandsferð S í

90 ára lög um skógrækt og landgræðslu

Stuðningur úr Umhverfissjóði verslunarinnar

Undanfarin tvö ár hafa aðildarfélag Skóg-ræktarfélags Íslands notið ríkulegra styrkja úr Umhverfissjóði verslunarinnar. Á þessu ári fór úthlutun Umhverfissjóðsins fram laugardaginn 21. júní í Alviðru undir rótum Ingólfsfjalls, að viðstöddu fjölmenni.

Um 30 skógræktarfélag sóttu um styrki í sjóðinn og nam heildarupphæð umsókna 17,4 millj. króna. Úthlutað var úr sjóðnum að þessu sinni rúmlega 20 millj. króna og þar af var úthlutað til skógræktarféлага 6,6 millj. króna.

Það má ljóst vera að ofangreindur styrkur kemur í góðar þarfir enda er hver króna nýtt til hins ítrasta. Mörg þessara verkefna koma hinum almenna neytanda vel því að yfirleitt er verið að vinna að því að betrubæta aðstöðu félaganna í skóglendum



Sigurður Ágústsson tekur við styrk til Skóg-ræktarfélags Stykkishólms. Mynd: B.J. (S.Í.).

viðsvegar um land, m.a. verið að vinna að merkingum skógarreita, bæta upplýsingar og koma þeim á framfæri, búa til hreinlætis-aðstöðu, leggja stíga, og fleira í þeim dúr.

Við lok úthlutunarinnar færði formaður Skógræktarfélags Íslands, Hulda Valtýsdóttir, sjóðnum að gjöf 5 stæðileg hlyntré, sem gróðursett voru með viðhöfn af stjórn og fagraði sjóðsins. Vill Skógræktarfélag Íslands koma á framfæri þakklæti fyrir hönd skógræktarfélaganna fyrir þennan mikilvæga stuðning.

Stórmerkt rit um jarðvegsrof

Laufblaðið vill minna lesendur á afar athyglisverða skýrslu sem kom út á árinu og nefnist „Jarðvegsrof á Íslandi“. Þar eru birtar niðurstöður rannsókna og kortlagningar á jarðvegsrofi sem unnar voru á árunum 1991-1997 af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins undir stjórn dr. Ólafs Arnalds.

Fram kemur í skýrslunni að landinu hefur verið skipt niður í 18 þús. einingar og jarðvegsrof metið í hverri eftir ákveðinni flokkun. Þar kemur sú skelfilega staðreynd fram, sem reyndar margur renndi grun í, að um 40% landsins fær einkunnina talsvert rof, mikið rof og mjög mikið rof. Einungis 4% landsins fær einkunnina ekkert rof og um 7% einkunnina lítið rof.

Þessar tölur til viðbótar við þá staðreynd að um 97% upprunalegu skóganna hafi eyðst undirstrika enn og aftur þá staðreynd að gróður- og jarðvegsyðing eru alvarlegasta umhverfisvandamál sem að okkur snýr á heimavelli.

Skýrslan er sett fram á mjög aðgengilegan hátt í bók sem kostar kr. 1.000 og fæst hjá:

Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti,
s: 487-5500, fax: 487-5510,
netfang: ub.landgr@isholf.is.



Ritstjóraskipti á Laufblaðinu

Nýr ritstjóri hefur tekið við Laufblaðinu. Arnór Snorrason skógræðingur, sem gegnt hefur starfinu undanfarin ár hefur hafið störf á öðrum vettvangi og við ritstjórn hefur tekið Jón Geir Pétursson skógræðingur. Þakkar Laufblaðið Arnóri farsælt samstarf og skelegga ritstjórn.

LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands.
6. árgangur, 3. tölublað, desember 1997.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands.

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Ritstjóri: Jón Geir Pétursson.

Forsíðumynd: Vetrarkýrró á Landakotstúni.

Mynd: J.G.P. (S.Í.).

Prentvinnsla: PRENTHÖNNUN ehf.

Gefið út í 7500 eintökum.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins og óska landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs:



Akureyrarapótek

Almenna - verkfræði & teiknistofa

Apótek Austurbæjar

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga

Barnafataverslunin Lipurtá

Barr hf

Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf

Bifreiðaverkstæði Sigurðar

Valdimarssonar

Birta heildverslun

Bílaleigan AKA

Bílarétting Beyja

Bílaröst ehf


Bílaþjónustan Vík

Björgun hf

Björn og Guðni hf

Björn Traustason hf Byggingavörur

 DOMINO'S PIZZA

 Sparisjóður Mýrasýslu

Osta- og smjörsalan

Hitaveita Reykjavíkur

Þjóðsaga ehf.

Eggja- og kjúklinga-búið Hvammur

Póstur og sími

ÍSÓL




Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, gróðursetur birkiplöntu í Vinaskógi ásamt Oscar Luigi Scalfaro forseta Ítalíu. Mynd: B.J. (S.I.).

Í sumar heiðruðu þeir Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Oscar Luigi Scalfaro Ítalíuforseti Vinaskóg með því að gróðursetja þar tvö falleg birkitré. Við komu forsetanna og fjölmenns föruneysis þeirra birti til og sást til sólar, eftir þungbúinn morgun. Þjóðhöfðingjarnir gáfu sér

Forsetar gróðursetja birkitré í Vinaskógi

góðan tíma í Vinaskógi en áður en tekið var til við bjarkirnar gerði Hulda Valtýsdóttir, formaður Skógræktarfélags Íslands, grein fyrir Vinaskógi og Landgræðsluskógaverkefninu. Í föruneysi forsetanna var Guðrún Katrín Þorbergsdóttir, eiginkona Ólafs Ragnars, og dóttir Ítalíuforseta Marianna Scalfaro.

Heimsókn forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, er fyrsta gróðursetning hans í embættistíð sinni í Vinaskógi og markar á táknrænan hátt tengsl forsetaembættisins og



Forsetahjónin, Ólafur Ragnar og Guðrún Katrín, ásamt Ítalíuforseta við bautasteininn í Vinaskógi þar sem settar eru áletranir allra þeirra sem gróðursetja í skóginn. Mynd: B.J. (S.I.).

Vinaskógar. Við slíkar athafnir gefst tækifæri til þess að kynna það uppgræðslu og skógræktarstarf sem unnið er að hér á landi. Einnig er mikilsvert að koma öðrum þjóðum í skilning um þau gríðarlegu umhverfisverkefni sem liggja hér fyrir á sviði landgræðslu og skógræktar.



Hvað sem þú gerir, hvert sem þú ferð

Ef þú ert viðskiptavinur Sjóvá-Almennra veistu með vissu að tryggingamál þín eru í góðum höndum – hvað sem þú gerir og hvert sem þú ferð.

Láttu fyrirhyggjuna ráða. Skiptu við tryggingafélag sem skapar þér fjárhagslegt öryggi. Eigðu viðskipti við tryggingafélag sem sækir fram til hagsbóta fyrir þig en er og verður alltaf áreiðanlegt og traust.



SJÓVÁ-ALMENNAR
Traustur þáttur í tilverunni

Grisjun skóga

Inngangsorð

Víða er orðið mjög aðkallandi að grisja skógarteiga sem plantað hefur verið í á undanförmum áratugum.

Það vefst vafalítið fyrir mörgum hvort og hvernig á að grisja. Til að auka gæði trjáanna sem standa eiga til loka vaxtarlotu teigsins verður að grisja skipulega. Hér á eftir verður reynt að gera grein fyrir hvers vegna á að grisja og hvernig hægt er að nota grisjunartöflu til að ákveða bestu grisjun. Taflan sem hér fylgir á við um lerkiskóg og birtist hér í fyrsta skipti. Einungis verður tekin fyrir grisjun nytjaskóga.

Tilgangur grisjunar

Tilgangi grisjunar í nytjaskógum má skipta upp í nokkra þætti:

- Grisjun er til að rýma fyrir hæfilega mörgum úrvalstrjám af þeim tegundum sem við veljum til að vaxa í teignum.
- Leitast skal við að hafa sem jafnast bil á milli úrvalstrjáa sem standa eiga við lokagrisjun.
- Ef teigur fær að vaxa ógrisjaður og verða mjög þéttur þá munu mörg tré deyja (sjálfgrisjun). Samt mun megnið af trjám lifa og vaxa í mikilli samkeppni um vaxtarýmið. Þessi samkeppni veldur því að meðalþvermál trjáanna í teignum verður minna en ef grisjað væri á réttum tímum í vaxtarlotunni.

Verðmætari skógur

- Rétt valið grisjunarferli þýðir að tré sem falla í lokahöggi eru með minni kvisti, jafnari áhringi, betra vaxtarlag og færri bogin tré heldur en tré í teig sem ekki var grisjaður.
- Grisjun getur ekki aukið gæðin á einstökum trjám, en með grisjun er hægt að grisja frá þeim trjám sem hafa það vaxtarlag og gæði sem við óskum eftir.
- Við grisjun mega einstök tré ekki fá það mikið vaxtarými að breidd áhringja og grisjunarstærð verði það mikil að gæðin minnki.

- Grisjun á alltaf að auka verðmæti teigsins. Sködduð tré, krækliótt og grófgreinuð tré (vargar) á að fella burt þó að þau séu meðal þeirra stærstu ef betri tré geta nýtt vaxtarýmið.

Hvernig á að nota grisjunartöflu?

- Grisjunartaflan sýnir hver fjöldi trjáa á að vera eftir því sem yfirhæðin verður meiri.
- Efri línán sýnir hámarksfjölda trjáa sem eiga að standa í teignum. Ef fjöldi trjáa er jafnmikill eða meiri en línuritið sýnir á að grisja.
- Neðri línán sýnir lágmarksfjölda trjáa sem eiga að standa í teignum eftir grisjun.
- Svæðið á milli línanna er skyggt. Skyggða svæðið sýnir æskilegan þéttleika trjáanna í teignum alla vaxtarlotuna. Vegna hættu á vindskaða ætti lokagrisjun í teignum að fara fram áður en yfirhæðin nær 20 metrum. Í teigum með lakari jarðvegi ætti allajafna að grisja meira en línuritið gefur til kynna.




Skúli Björnsson grisjar lerkiskóg á Mjóanesi á Völlum. Grisjunin er eðlilegur hluti skógræktarinnar. Mynd: J.G.P. (S.Í.).

Val á grisjunarferli

- Þegar búið er að finna yfirhæð og fjölda trjáa í teignum er það borið saman við þéttleikatöfluna. Lerki og birki á að grisja meira en furu og furu meira en greni.
- Taka verður afstöðu til hve oft á að grisja í vaxtarlotu.
- Ákveða þarf hve mörg tré eiga að standa eftir síðustu grisjun.
- Búið til grisjunarferli sem heldur teignum innan við uppgefin þéttleikamörk í grisjunartöflu.

- Hægt er að búa til mjög mismunandi grisjunarferli út frá þéttleikatöflunum. Þegar grisjunarferli er ákveðið verður að hafa í huga ýmis atriði, t.d. staðbundið veðurlag, aldursdreifing skógarins, staðhætti, vegakerfi, afhendingarmöguleika efnis o.s.frv. Við val á grisjunarferli hefur úrslitaáhrif hvaða gæði og stærðir skóga eigandi vill framleiða í teignum.

Skúli Björnsson,
skógarvörður, Hallormsstað



Yfirhæð: Meðaltal hæðar nokkurra gildustu trjáanna í teignum.

Til lærdóms við ræktun stafafuru

Á ferð Laufblöðungs um Vestfirði í sumar átti hann leið um Tunguskóg á Ísafirði. Þar er gamall stafafurulundur sem gróðursettur



Dauðar stafafurur á Ísafirði eftir *Greminiella abietina* - sýkingu. Mynd: J.G.P. (S.I.).

var árið 1956. Furulundurinn er inni í miðjum skóginum og hefur furan verið grisjuð og kvistuð upp.

Tvennt vakti athygli Laufblöðungs varðandi ræktun stafafuru. Fyrri atriðið var það að allmargar furur hafa oltið um koll eða eru óstöðugar. Það má rekja til vansköpunar í rôtarkerfi sem rekja má til þess að þær hafa verið kuðlaðar saman við gróðursetningu. Það skiptir því verulega miklu máli við ræktun stafafuru, sem hefur stólpárót, að tryggt sé að rôtarkerfið liggja eðlilega í jörðinni eftir gróðursetningu.

Hitt atriðið sem vakti athygli voru dauðar stafafurur sem stóðu í miðjum lundinum, neðan til þar sem lægð var í brekkunni. Haft var samband við Guðríði Gyðu Eyjólfsdóttur sveppafræðing hjá Nátt-úrfræðistofnun á Akureyri vegna þessa máls. Hún fékk sýni sent og greindi á því kynjað stig sveppsins *Greminiella abietina*, en um hann fjallaði Guðríður í Ársriti Skógræktarfélag Íslands 1996. Ekki hefur áður greinst kynjað stig sveppsins hér á landi, en þessi sveppur er þekkt vandamál í ná-

grannalöndunum þar sem hann veldur oft talsverð-



Rótarsvöðun, líklega orsök af því að rætur hafa verið lagðar í eina átt við gróðursetningu sem getur verið vandamál í ræktun stafafuru. Á myndinni sést rôtarkerfi furu sem tveir Laufblöðungar rifu upp með berum höndum, haldið var ekki meira. Þar sést hvernig rætur stafafurunnar hafa vaxið í eina átt. Mynd: J.G.P. (S.I.).

um skemmdum á stafafuru. Sveppurinn virðist vera sérstakt vandamál á snjöpungum stöðum og hafa þannig þessir snjöpungu vetur undanfarið verið kjörskilyrði fyrir hann. Þannig hefur stafafuran drepist af sýkingu af hans völdum.


Af þessu má draga þann lærdóm að varast beri að nota stafafuru á mjög snjöpungum stöðum, bæði vegna hættu á greminiellasýkingu og svo því að greinabygging strandafbrigðis stafafurunnar (t.d. Skagway og Taraldsöykvæmi) eru þannig að henni hættir mjög við að brotna í snjó.

Konrad Maurer Íslandsferð 1858

afmælisbók Ferðafélags Íslands

Bók sem verður lesin og vitnað í um ókomin ár.

Konrad Maurer
Íslandsferð 1858



Úr ritdómi:

„Það eru ár og dagar síðan þeim sem þetta ritar hefur borist álíka gersemi í hendur og þessi bók. Lestur hennar hefur veitt ómælda ánægju og mikla fræðslu.“

Sigurjón Björnsson: Mbl. 11. nóv.

Félagar í Skógræktarfélagunum geta eignast bókina á félagsverði, kr. 4.900,- á skrifstofu Ferðafélagsins að Mörkinni 6, s. 568 2533, fax. 568 2535

FARMI

Trjákurllarar




CH 140
CH 150
CH 250

Viðfang

Sími: 557 6513. Fax: 557 6513. Farsími: 899 2182



Gott samstarf



Hitaveita Reykjavíkur hefur kostað alla ræktun og landbætur í Öskjuhlíð og á Grafarholti.

Skógræktarfélag Reykjavíkur sá um framkvæmdir með aðstoð Vinnuskólans.

Fjölbreyttur útivistarskógur prýðir nú athafnasvæði Hitaveitunnar.



Umhverfið

– fréttabréf umhverfisráðuneytisins

<http://www.mmedia.is/umhverfi/>

**Brunamála-
stofnun**





Skógarhúsið í Eyjófsstaðaskógi komið á sinn stað og lóðin í kringum það frágengin. Mynd: S.Bl.

Kraftur í Héraðsbúum

Fréttir af Eyjófsstaðaskógi - skógi Skógræktarfélags Austurlands

Mælt og grisjað elsta hvítgrenið

Greni var fyrst gróðursett í Eyjófsstaðaskógi á Völlum, Fljótsdalshéraði, árið 1957. Auk blágrenis voru það 500 hvítgreni (kvæmi Moose Pass, Alaska). Gróðursett var í allvænna birkiskóg, sem ekki var grisjaður fyrr en eftir 1980. Margar greniplöntur voru þá orðnar kúgaðar af skugga.

Í apríl 1997 var hvítgreniteigurinn grisjaður. Í framhaldi af grisjuninni fékk ég Gunnar Freysteinnsson skógfræðikandidat til að leggja út mæliflöt í teigum. Var það 100m² hringlaga flötur, eins og algengast er við slíkar mælingar.

Hæsta tré á fletinum var 14,05 m með þvermáli í brjósthæð 15,5 cm. Samkvæmt vaxtartöflum, sem Gunnar notar, ætti hámarks meðalársvöxtur að verða 8 m³/ha/ári í vaxtarlotu, sem þarna gæti orðið um 100 ár.

Þetta telst nokkur viðburður, ekki bara í sögu Eyjófsstaðaskógar, heldur í skógrækt á landsvísi, þar sem þetta er mér vitanlega aðeins í annað skipti, að rúmtaksvöxtur hvítgrenis er mældur á Íslandi.

Aftur var hvítgreni gróðursett í Eyjófsstaðaskógi 1964, og hefur það vaxið afbragðsvel. Sitkabastarður hefur þrisvar verið gróðursettur þarna og vex feikna vel. Ársprotar á hvítgreninu í ár eru þetta 40-65 cm.

Meira hefir verið gróðursett af rauðgreni en nokkurri annarri trjátegund. Það fór hægt á stað, en er nú komið á fljúgandi ferð.

Reist skógarhús - félagsheimili

Formaður Skógræktarfélags Austurlands, Orri Hrafnkelsson, hreyfði því fyrir þremur árum, hvort ekki væri ástæða til þess fyrir félagið að reisa hús í Eyjófsstaðaskógi sem gæti orðið eins konar heimili félagsins og jafnframt mætti leigja út.

Aðalfundur 1996 samþykkti að ráðast í að reisa húsið sem nú er risið. Stendur það á lækjarbakka neðarlega í skóginum umlukt fögrum hvítgreniskógi á þrjá vegu.

Húsið stendur á stólpum, er 40m² að flatarmáli, en á lofti undir súð er 26m² gólf. Það er eitt afþiljað svefnherbergi með rúmstæð-

um og annað rými stærra, þar sem allt að 20 manns gætu sofað á flatsængum. Niðri er aðalrýmið stofa með eldhúskrók, snyrtiherbergi með sturtuklefa og lítil geymsla. Rafmagn er leitt í húsið og hitað með rafmagni. Auk þess er í stofunni lítill viðarofn, enda gnægð eldsneytis í Eyjófsstaðaskógi, þar sem mikil þörf er á grisjun. Breið verönd er fyrir tveimur hliðum hússins.

Þjórn Kristleifsson arkitekt á Egilsstöðum teiknaði húsið og gaf félaginu teikninguna. Trésmiðja Fljótsdalshéraðs smíðaði það fullbúið að utan. 30-40 félagsmenn unnu í sjálfboðavinnu 728 klst. við einangrun, innréttingu, flutning og frágang á umhverfi. Dagsverk á Egilsstöðum annaðist jarðvéla-vinnu.

Nú hefur verið ákveðið, að húsið verði nýtt á þann hátt, sem Orri Hrafnkelsson setti fram hugmynd um. Fyrir utan þau not sem starfsemi félagsins sjálfs krefst, skal sérstaklega bent á tvennt.

- Tilboð til skólanna á Héraði og kannski víðar á Austurlandi að koma þangað með nemendur til dvalar í sambandi við kennslu í líffræði.
 - Tilboð til skógræktarfélags um land allt að njóta þar dvalar í orlofi, eftir því sem pláss verður. Skógræktarfélagum og öðrum verður skrifað sérstaklega um þetta.
- Á Úlfstöðum, sem er næsti bær við Eyjófsstaði skammt neðan við skóginn, reka hjónin Magnús Sigurðsson og Sigríður Ólafsdóttir þjónustumiðstöð fyrir ferðafólk. Þau hafa tekið að sér vörslu og umsjón skógarhússins. Þau munu taka við pöntunum um dvöl í húsinu og veita nauðsynlegar upplýsingar. Símanúmer hjá þeim er 471-1735.

Sigurður Blöndal fyrrv.
skógræktarstjóri

Kaffiskógar á Íslandi 1 dós = 1 tré

Skógarnir stækka við sérhvern sofa!



SKÓGRÆKT RÍKISINS



café **EL MARINO**
100% ARABICA GÆÐI

Jólatréssala Landgræðslusjóðs

Sölustaður og birgðastöð
að Suðurhlíð 38.
Símar 554-0300 & 554-4081
Fax 554-4080

LANDGRÆDSLUSJÓÐUR



Guðmundur Bjarnason afhendir Vigdís Finnbogadóttur skógarhnífinn. J.G.P. (S.I.)

Skógarhnífurinn til sölu

Skógarhnífurinn, sem Skógrækt ríkisins afhenti sem viðurkenningu á 90 ára afmælinu hefur verið tekinn í framleiðslu. Hnífurinn er kallaður „Siggi“, í höfuðið á fyrrverandi skógræktarstjóra, Sigurði Blöndal. Hnífurinn mun verða til sölu meðal annars í Skeljungsbúðinni.

Enn um nýliðun erlendra trjátegunda á Íslandi


Í sumarblaði Laufblaðsins (6. árg. 1997, 2. tbl., bls. 3) taldi undirritaður upp þær trjátegundir sem hafa sáð sér út í íslenskri jörðu. Þar vakti furðu að sjálfsáðar plöntur af ýmsum tegundum sem lengi hafa verið í ræktun hérlendis og oft borið þroskað fræ hafi ekki fundist. Greinilega vakti pistillinn nokkur viðbrögð lesenda og hafa margir aðilar hringt til að leiðrétta þetta.

Þannig hafa við nánari eftirgrennslan og ábendingar fundist sjálfsáðar plöntur af gráól, sílfur-, grá-, úlfa- og koparreyni hérlendis. Því eru þær innfluttu trjátegundir orðnar 22 talsins sem hafa aukið kyn sitt á náttúrulegan hátt hérlendis, helmingur lauftré og helmingur barrtré.

*Þórarinn Benediktz
skógræðingur, Mógilsá*



MÚLALUNDUR vinnustofa SÍBS



Múlalundur er stærsti framleiðandi á lausblaðabókum á Íslandi. Þar eru framleiddar lausblaðabækur af ýmsum gerðum og stærðum, allt eftir þínum óskum og þörfum. Við eigum jafnan á lager mikið úrval af járnnum í bækurnar ýmist með tveimur eða fjórum hringjum. Smekklegar lausblaðabækur eru hentugar fyrir: Námskeið - Gagnasöfn - Vörulista og handbækur.

Afmæli Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins



Verðlaunahafar á afmælishátíð Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Frá vinstri, neðri röð: Jón Loftsson skógræktarstjóri, Vigdís Finnbogadóttir, Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, efri röð: Hulda Valtýsdóttir, Guðmundur Bjarnason, Helgi Jóhannsson landgræðsluvörður, Tómas Pálsson bóndi, Kristinn Björnsson, Sigurður Blöndal, Ingvi Þorsteinsson, Halldór Steingrímsson bóndi. Mynd: J.G.P (S.Í.).

Núna í ár eru 90 ár liðin frá fyrstu lögum um skógrækt og landgræðslu. Eiga því stofnanirnar Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins 90 ára afmæli í ár. Á þessum tímamótum var haldin afmælishátíð á Kjarvalsstöðum í haust að viðstöddu fjölmenni.

Við það tækifæri veittu stofnanirnar nokkrum aðilum viðurkenningu, sem þeim finnst hafa skarað fram úr á viðkomandi sviði.

Landgræðsla ríkisins afhendir Landgræðsluverðlaunin 1997

Landgræðsla ríkisins hefur um árabil heiðrað einstaklinga, stofnanir eða félagasamtök með svokölluðum landgræðsluverðlaunum. Núna í ár fengu fimm aðilar verðlaunin fyrir óeigingjarn starf að uppgræðslu landsins:

Skógræktarfélag Íslands, Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur, Halldór Steingrímsson bóndi, Tómas Pálsson bóndi og Helgi

Jóhannsson landgræðsluvörður, Hrauni, Ölfusi. Verðlaunagripurinn, fjöregg, smíðað úr íslenskum við með melfræjum innan í, var smíðaður af hagleiksfólkinu Hlyn Halldórssyni og Eddu Björnsdóttur á Miðhúsum.

Skógrækt ríkisins afhendir skógarhnífinn

Skógrækt ríkisins afhenti á afmælinu skógarhnífinn, afsprengi hnífasmekkeppi stofnunarinnar frá því í fyrra. Verðlaunahnúfurinn er smíðaður af þeim Hlyn Halldórssyni og Eddu Björnsdóttur á Miðhúsum. Fjórir aðilar fengu viðurkenningu Skógræktar ríkisins fyrir framlag sitt til skógræktarmála; hníf nr. 1 fékk Vigdís Finnbogadóttir fyrrv. forseti, hníf nr. 2 fékk Sigurður Blöndal fyrrv. skógræktarstjóri, hníf nr. 3 fékk Kristinn Björnsson forstjóri Skeljungs og hníf númer 4 fékk Guðmundur Bjarnason landbúnaðarráðherra.


Árangursríkt samstarf við Búnaðar- bankann

Í upphafi árs hófst samstarf Skógræktarfélags Íslands og Búnaðarbanka Íslands um að stórauka fræðslu um skógrækt og umhverfismál.

Lögð var fram sérstök áætlun þar að lútandi sem unnið hefur verið eftir. Voru sett á laggirnar námskeið, opin hús og skógargöngur svo eitthvað sé nefnt.

Í stuttu máli má segja að þátttaka í hinum ýmsu liðum hafi farið fram úr björtustu vonum. Til dæmis varð að færa mánaðarfyrirlestrana úr of litlum sal Landgræðslusjóðs í sal Ferðafélags Íslands, því flestir urðu gestirnir um 300 talsins. Einnig varð að margfalda rými á námskeiðum fyrir sumarbústaðaeigendur. Lætur nærri að um 300 manns hafi mætt á eitthvert fjölmargra námskeiða samstarfsins víðs vegar um landið.

Augljóst er því að traustur grundvöllur er fyrir fjölbreyttu fræðslu- og leiðbeiningastarfi skógræktarfélaganna í landinu.



Norræna skógræktarráðstefnan í Danmörku 1998

Norræna skógarsambandið NSU

NSU var stofnað árið 1946 og er meginmarkmið samtakanna að koma á samvinnu milli Norðurlandanna á vettvangi skógræktar, til gagns fyrir skóga á Norðurlöndum. Ísland er fullgildur aðili að sambandinu og tók meðal annars að sér að halda 50 ára afmæli sambandsins hér í fyrra. Hefur sambandið gengist fyrir fjölmörgum uppákomum í því sambandi. Má þar nefna fundi, námsferðir, kynnisferðir og Norrænu skógarráðstefnuna, sem er umfangsmesta verkefni samtakanna. Hún er haldin á fjögurra ára fresti og hefur verið sótt af liðlega eitt þúsund þátttakendum.

Kynnisferðir og ráðstefna í Danmörku 1998

Næsta sumar verður Norræna skógarráðstefnan haldin í 19. skipti. Að þessu sinni eru það Danir sem fara með formennsku í ráðinu og er ráðstefnan því haldin þar. Yfirskrift ráðstefnunnar er „Træer og trivsel“ sem gæti útlagst „Tré og vellíðan“. Allt áhugafólk um skógrækt er boðið velkomið til ráðstefnunnar. Dagskránni má skipta í tvennt, tveggja daga kynnisferð og síðan lokadegi í Kaupmannahöfn.

Dagskrá

Skipulagðar verða 19 ferðir um ólík efni í danski skógrækt. Þar verður mörgum

spennandi efnum velt upp eins og ræktun laufskóga, ræktun á heiðum, jólatrjáræktun, skjólbelti, fjölnytjaskógrækt og borgar-skógrækt svo eitthvað sé nefnt. Einnig eiga ferðirnar að gefa innsýn í danskt mannlíf og náttúru.

Að loknum kynnisferðunum verður safnast saman í Kaupmannahöfn. Hefst dagskráin í Konsertsal Tívalís þar sem Hans hátign Jóakim prins mun verða viðstaddur umræður um þema ráðstefnunnar. Að því loknu verður boðið til móttöku og hádegisverðar í Ráðhúsi Kaupmannahafnar og síðan gefst kostur á að skoða sig um í Kaupmannahöfn og nágrenni. Kaupmannahafnardeginum lýkur síðan með hátíðarkvöldverði á Hotel Scandinavia, þar sem Pappa's Bue's Viking Jazzband spilar.

Fullyrða má að óvída sé meira fyrir okkur Íslendinga að læra í skógrækt en af frændum okkar Dönum. Því er óhætt að hvetja skógræktarfolk til að kynna sér dagskrána sem á að liggja fyrir endanleg í byrjun janúar.

Nákvæma dagskrá og allar nánari upplýsingar verður hægt að fá hjá Skógræktarfélagi Íslands, s. 551-8150.

Verið velkomin til Danmerkur 1998.

Jens Thomsen

framkvæmdastjóri Sore Akademi

(þýtt og staðfært af Lautblöðungi úr dönsku)

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins og óska landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs:



Blásteinn
Blikksmiðja Einars ehf
Blönduósbaer
Bókabúðin Hlöðum
Bókasafn Héraðsbúa
Bókasafn Vopnafjarðarhrepps
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf
Brautin hf
Brunamálastofnun ríkisins
Búnaðarbanki Íslands
Búnaðarfélag Reykdæla
Búnaðarsamband Suðurlands
Búnaðarsamband V. -Húnavatnssýslu
Búvangur ehf
Byggt og flutt
Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Bæjarskrifstofur Hafnarfjarðar
Bændasamtök Íslands
Bændaskólinn á Hólum
Dalabyggð
Dominos pizza ehf
Dragi hf
Eggert Kristjánsson hf
Endurskoðun Delotte & Touche
Endurskoðunarmiðstöðin Coopers
Endurvinnslan hf
Eyrarsparisjóður
Fasteignamiðlunin Berg
Ferðaþjónustan Ásgarður
Ferðaþjónustan Húsafelli hf
Félagskaup hf
Félagsmálaráðuneytið
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Fjölföldun Porbergs & Sigurjóns
Fjölprent - Silkiprent ehf
Flutningamiðstöð Vestfjarða
Framköllunarþjónustan ehf
Frár ehf
Friðrik Jónsson ehf
G H verkstaði
G J Fossberg hf
Geiri Péturs ehf
Glerslípun Akraness hf
Grasfnavörur
Grímsneshreppur
Gróandinn
Gróðavon sf
Gróðrarstöðin Réttarhóll
Grunnskólinn á Þingeyri
Haraldur Böðvarsson hf
Heilbrigðiseftirlit Vestmannaeyja
Héraðsnefnd Skagafjarðar
Héraðsskógar
Hitaveita Reykjavíkur
Hitaveita Suðurnesja
Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar ehf
Hólahreppur

NORRÆNA SKÓGARRÁÐSTEFNAN Í DANMÖRKU 16.–19. JÚNÍ 1998

Den 19. nordiske skovkongres i Danmark

Verið velkomin til Danmerkur á 19. norrænu skógræktarráðstefnuna þann 16. júní 1998 sem haldin er á vegum norræna skógarsambandsins NSU.

Dagana 17.–18. júní verður boðið upp á fjölbreyttar kynnisferðir en þann 19. júní verður lokahólf haldið í Kaupmannahöfn.


Takið frá þessa daga fyrir ráðstefnuna

„Tré og vellíðan“
(„Træ og trivsel“)

Allar nánari upplýsingar fást hjá

Skógræktarfélagi Íslands í síma 551-8150 eða fax: 561-7131

Ný
glæsileg
bók



Alma Páskvoldsdóttir • Sigrún Svavarsdóttir • Erla Þorgrímsdóttir
Gardurinn
Hugmyndir að skipulagi og efnisvali

340 litmyndir
80 skýringamyndir
fjöldi garðteikninga

Bókin um garðinn

Fyrsta íslenska bókin sem fjallar
einkum um hönnun garðsins,
fjölbreytni í skipulagi og efnisvali.
Vegleg bók, 208 síður.

Sendum hvert sem er
gegn póströfu



Gardyrkjufélag Íslands
Frakkastígur 9, 101 Reykjavík, sími og fax 552 7721

ARINHLEÐSLA

MÚRVIÐGERÐIR

GLERVEGGJAHLEÐSLA

FLÍSALAGNIR



SIGURBJÖRN E. LOGASON
MÚRARAMEISTARI
Fannafold 66a • sími 567 6245

Morgunblaðið

Styðjum íslenska
skógrækt,
kaupum íslensk
jólatré



SKÓGRÆKT
RÍKISINS

GÆÐAMOLD Í GARÐINN

Grjóthreinsuð
mold, blönduð
áburði, skeljækalki
og sandi. Þú sækir
eða við sendum.
Afgreiðsla á gömlu
sorphaugunum í
Gufunesi.



GÆÐAMOLD

MOLDARBLANDAN – GÆÐAMOLD HF.
Pöntunarsími 567 4988

Áhugaverð samnorræn verkefni á Mógilsá

Fjöldamörg rannsóknaverkefni í skógrækt á Íslandi hafa notið stuðnings samstarfsnefndarinnar um norrænar skógræktarrannsóknir, skammstafað SNS. Nefndin var stofnuð árið 1972, en var tekin á fjárlög Norðurlandaráðs árið 1978. Hefur þannig tekist að koma á áhugaverðum verkefnum og mikilsverðum tengslum milli norræns rannsóknafólks í skógrækt. Rannsóknir og þróun eru hornsteinn velheppnaðs og árangursríks skógræktarstarfs og mikils virði að til séu farvegir á borð við SNS. Hér eru nefnd til sögunnar tvö verkefni sem unnið er að á Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá um þessar mundir á vettvangi norrænu samstarfsnefndarinnar. Bæði þessi verkefni hafa einnig notið stuðnings Rannsóknaráðs Íslands.

Félagsfræði skógræktar

Markmið þessa verkefnis er að rannsaka hver áhrif almennings eru á ákvörðunartöku og stefnumótun í skógrækt. Jafnframt verð-

ur athugað hvort auka megi þátttöku almennings í því ferli, með það að markmiði að auðvelda stefnumótun og að tryggja að sjónarmið allra hagsmunaaðila komi fram í tæka tíð. Með þessari vinnu er verið að fara inn á nýjar brautir, sem skapa grunn félagsfræðirannsókna á sambandi mannsins og skógarins. Verkefninu stýrir Karl S. Gunnarsson aðstoðarsérfræðingur á Mógilsá.

Bein sáning eða gróðursetning lauftrjáa

Vorið 1995 hófst verkefni sem miðar að því að þróa aðferðir við beinar sáningar á lauftrjám. Til að góður árangur náist þarf að lágmarka afföll af fræi og fræplöntum og stuðla að góðum vexti fræplantna fyrstu árin. Í íslenska hluta verkefnis er unnið með birki, landbótaskógrækt og notkun lúpínu sem hjálpartegund í skógrækt. Borin hefur verið saman sáning og gróðursetning birkis í mismunandi þéttum lúpínubreiðum og utan þeirra. Einnig hefur verið athugað hvernig



Plastkeilur eru notaðar í tilraunum við að sá birkifræi í lúpínubreiður. Mynd: J.G.P (S.Í.).

megi opna lúpínubreiður, t.d. með slætti til þess að hjálpa birkinu að komast á legg. Tvær mismunandi gerðir af hlífum yfir fræinu hafa verið notaðar, plastkeilur og plaströr, en fyrirhugað er að nota fleiri næsta sumar. Verkefninu stýrir Ása L. Aradóttir, sérfræðingur á Mógilsá.

MEINDL ISLAND
GÖNGUSKÓR

Tæknilega fullkomnir gönguskór með Goretex vatnsvörn
Léttir, sterkir og þægilegir

ISLAND LADY, stærðir frá 36-42
Verð 16.640

ISLAND, stærðir frá 40-46
Verð 16.900
(einnig yfirstærðir, 47 og 48)

ÚTILÍF! Glæsisbæ, sími 581 2922

Uppskera

Skógræktarfélag Eyfirðinga minntist þess á árinu að fimmtíu ár eru liðin frá upphafi skógræktar í Kjarna og jafnframt frá stofnun gróðrarstöðvar félagsins.

Tildrög þess voru þau að árið 1947 fékk félagið 20 ha landspildu á erfðafestu í landi eyðibýlisins Steinagerðis, til að koma á fót gróðrarstöð. Fáum árum síðar fékk S.E. umráð yfir Kjarnalandi og hóf umfangsmikla skógrækt á um 100 ha landi sem nú er Kjarnaskógur. Gróðrarstöðin og skógurinn hafa fylgst að, vaxið og dafnað hvort með öðru og nú er Kjarnaskógur eitt helsta stolt Akureyringa og nærsveitamanna.



Hugsjón, verk Finns Arnars Arnarsonar.

Af þessu tilefni stóð Skógræktarfélagið, í samvinnu við Listasumar á Akureyri, fyrir veglegri myndlistarsýningu í Kjarnaskógi sem hlaut nafnið Uppskera. Sýningin var opnuð að viðstöddu fjölmenni þann 16. ágúst og henni lauk þann 30. september.

11 myndlistarmenn víðsvegar að af landinu sýndu og var verkum þeirra komið fyrir við ákveðna gönguleið um skógin. Lista-

verkin voru í nánast öllum tilfellum unnin sérstaklega fyrir sýninguna með umhverfi hennar í huga. Gefin var út vegleg sýningarskrá með litprentuðum myndum af verkunum uppsettum í skóginum ásamt kortum af skóginum og sýningarsvæðinu.

Listamennirnir eru: Ásta Ólafsdóttir, Finnur Arnar Arnarson, Guðrún Gunnarsdóttir, Gunnar Árnason, Gunnar Kr. Jónsson, Guttormur Jónsson, Hlynur Helgason, Hrefna Harðardóttir, Jón Laxdal Halldórsson, Ragnhildur Stefánsdóttir og Þórdís Alda Sigurðardóttir.

Er skemmt frá því að segja að sýningin vakti mikla lukku, fékk ágæta umfjöllun í fjölmiðlum og aðsókn að henni var feikimikil, enda óhætt að fullyrða að vel hafi tekist til með alla þætti framkvæmdarinnar.

Skógurinn er kjörinn vettvangur fyrir listamenn til ýmiss konar listframkvæmda, eins og sýnt hefur verið fram á með glæsibrag í Hallormsstaðaskógi undanfarin ár.

Með því að tengjast listum og menningu á þennan hátt vill Skógræktarfélag Eyfirðinga vekja athygli á því að skógrækt er menningarstarf í almannapágu.



Uppgröftur, verk Ástu Ólafsdóttur.

*Aðalsteinn Sv. Sigfússon
Skógræktarfélagi Eyfirðinga*



Citroén-aðdáendurnir gróðursetja á Slögu í sumar. Í baksýn sjást Citroénbílur af öllum stærðum og gerðum. Mynd: S.T.

Citroén aðdáendur gróðursetja á Akranesi

Skógræktarfélag Akraness fékk í sumar all sérstæða heimsókn. Það var 14. júlí í sumar sem leið, í björtu og fallegu veðri, að félagið fékk í heimsókn 70-80 manns frá 9 þjóðlöndum sem óskuðu eftir að fá að gróðursetja tré á skógræktarsvæði félagsins á Slögu í norðurhlíð Akrafjalls.

Þetta ferðafólk kom allt akandi á Citroénbílum af ýmsum árgerðum. Stjórn skógræktarfélagsins tók á móti þessum skemmtilega hópi en Ólína Jónsdóttir yfirkennari skipulagði þessa heimsókn til okkar. Það kom fram að margt af þessu fólki, sem alið er upp og býr í skógi vöxnum löndum, hafði aldrei fyrr séð smáar trjáplöntur og því síður gróðursett. Þetta fólk var á öllum aldri, frá börnum upp í aldraða Citroén aðdáendur.

Fólkið virtist hafa mikla ánægju af því að leggja okkur lið í að klæða landið skógi.

*Stefán Teitsson form.
Skógræktarfélags Akraness*

Græðum landið fyrir framtíðina

Áburðarverksmiðjan býr að 40 ára reynslu og þekkingu í framleiðslu áburðar. Þar eru nú framleiddar 16 tegundir af tilbúnum áburði. Auk þess hefur verksmiðjan á boðstólum innfluttan áburð í úrvali. Studlum að því að græða landið fyrir okkur og komandi kynslóðir.

ÁBURÐARVERKSMIÐJAN HF.


Íslendingar á ráðstefnu um skógarplöntur

Lengi býr að fyrstu gerð

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins og óska landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs:



Hótel Borgarnes
Hreinsunardeild Rvíkurborgar
Hrossaræktarsamband Dalamanna
Hrói Höttur
Húsavíkurkaupstaður Bæjarskrifstofur
Höfðahreppur
Höldur ehf
Innri-Akraneshreppur
Jarðefnaiðnaður hf
Kaupfélag Húnavtinga
Kaupfélag Skagfirðinga
Keflavíkurverktakar
Kjarnafæði hf
Kjörgarður
Kom bókhaldsþjónusta
Kvistur byggingavörur
Meðferðarheimilið Geldingalæk
Meistarafélag húsasmiða
Mjóafjarðarhreppur
Náttúrufræðistofnun Íslands
Nesbrú ehf
Norðurvík hf
Optima
Ora - niðursuðuverksmiðja hf
Osta- og smjörölsalan
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf
Raftækning hf
Rannsóknasetur Háskóla Íslands
Ræktunarsamband Landeyja
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Síldarvinnslan hf
Skaftárhreppur
Skeiðahreppur
Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf
Skorradalshreppur
Skógræktarfélag Patreksfjarðar
Sparisjóður Bolungarvíkur
Sparisjóður Mýrasýslu
Sprettur ehf
TFbúðin
Tak bókhaldsstofa
Teitur Jónasson
Valtýr Þorsteinnsson hf
Verkfræðistofa Jóns B Hafsteinnssonar
Verkfræðiþjónusta Akraness ehf
Verslunin Arnhóll
Verslunin H-Sel
Véla- og skipaþjónusta Kristjáns
Véla- og skipaþjónustan Framtak
Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar
Vélaverkstæði Sigurðar Sigurðssonar
Vinnuskóli Reykjavíkur
Vöruflugningamiðstöðin hf
Vöruval hf
Þín verslun 10-10
Þorsteinn Sveinsson
Ölfushreppur



Tvær gerðir af opnum bökkum, Plantek frá Lannen í Finnlandi og Plantsystem 80 frá STORA í Svíþjóð.

Í lok september var haldin norræn ráðstefna í Garpenberg í Svíþjóð um rötarproska og stöðugleika skógarplantna. Hana sóttu tveir íslenskir fulltrúar, þau Anna María Pálsdóttir frá Fossvogsstöðinni ehf. og Sigvaldi Ásgeirsson frá Mógilsá. Fulltrúar hvers lands gerðu grein fyrir ástandi skóga í sínu heimalandi með tilliti til rötarsúnings og þroska skógarplantna og einnig voru kynntar niðurstöður af áralöngum rannsóknum á rötarproska skógarplantna.

Fram kom á ráðstefnunni að afmyndaðar rætur eru verulegt vandamál í skógrækt, einkum orsakað af samanþjöppuðu rötarkerfi og rötarsúnungi, sem hefur þau áhrif að trén ná ekki eðlilegum þroska. Viðarvöxtur minnkar, hætt er við að tréð verði óstöðugt, sem dregur úr þrifum trjáanna og veikir mótstöðu þeirra gegn sjúkdómum og skaðvöldum. Trjátegundir eru misviðkvæmar gagnvart rötavansköpun, en stafafura er dæmi um trjátegund sem er sérstaklega viðkvæm.

Til þess að hindra vansköpun róta hafa rannsóknir einkum beinst að ræktunarlátum, trjátegundum, lengd ræktunartímabilsins, jarðvinnslu á útplöntustað og staðsetningu plantanna. Viðamiklar rannsóknir hafa sýnt að ræktunarlát, þ.e.a.s. sá hluti sem rötin vex í, hafa mótandi áhrif á þroska rötarkerfisins sem má rekja til frekari afdrifa plöntunnar úti í mörkinni. Meginástæðan fyrir afmyndun róta er sú að rætur ná að hringa sig í botni ræktunarlátanna og/eða að plönturnar eru hafðar þar of lengi.

Nýjustu rannsóknir sýna fram á að plöntum sem ræktaðar eru í bökkum með opnum botni og opnum hliðum er síður hætt við rötarsúnungi en plöntum sem ræktaðar eru í bökkum með opnum botni og lokuðum hliðum með stýrilistum. Rótunum er eðlilegt að leita út og niður á við. Í opnum bökkum stöðvast vöxtur rötanna þegar þær komast í snertingu við loftið (loftþurrkun) og rötarendinn leggst í dvala. Þegar plantan er gróðursett byrjar rötarendinn aftur að vaxa. Bygging rötarkerfisins verður því fáar grófar rætur með þéttara fínrotarkerfi, en talið er að til að ná fram stöðugleika á vaxtarstað þurfi rötarkerfið að vera uppbyggt af 4-5 hliðarrótum sem vaxa jafnt út frá aðalrótinni.

Í lok ráðstefnunnar kom það skýrt fram að ný kynslóð fjölpottabakka væri að leysa þá gömlu af hólmi. Af nýju kynslóðinni eru nokkrar gerðir af opnum bökkum sem skógarplöntuframleiðendur í Svíþjóð og Finnlandi auk Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálands hafa þegar tekið í notkun. Íslenskir framleiðendur eru farnir að prófa þessa bakka en þó í smáum stíl og verður áhugavert að fylgjast með framvindu mála hér á landi.

*Anna María Pálsdóttir
garðyrkjufræðingur, Fossvogsstöðinni ehf.*



Stafafura er sú trjátegund ræktuð á Íslandi, sem er hvað hættast við rötavansköpun. Má fullyrða að rötavansköpun sé eitt helsta vandamál í ræktun hennar hérlendis. Því þarf hún að vera eins ung og hægt er þegar hún er gróðursett úr bakka. Á myndinni heldur Guðmundur Halldórsson skordýrafræðingur á stafafuru með hringaða rót. Mynd: A.S. (S.r.)



Svipmyndir úr Skotlandsferð Skógræktar- félags Íslands

Í haust skipulagði Skógræktarfélag Íslands kynnisferð til Skotlands í samvinnu við skoska skógræktarfélagið, The Royal Scottish Forestry Society. Hafði Skógræktarfélag Íslands samvinnu við Landssamband skógareigenda um kynningu á ferðinni og fór héðan 56 manna hópur og komust færri með en vildu. Þátttakendur voru víðs vegar að af landinu, bæði áhuga- og atvinnumenn. Var flogið til Glasgow og þaðan ferðast í vikutíma um skosku hálöndin.

Skoska skógræktarfélagið skipulagði dagskrá þar sem gefinn var ágætur þverskurður af skoskri skógræktarstarfsemi, en aðstæður skógræktarmanna í Skotlandi og Íslandi eru um margt líkar. Margir áhuga-



Leiðsögumenn ferðarinnar voru þau Richard Toleman, Jean Balfour og Michael Osborne. Mynd: J.G.P. (S.Í.).



Hópurinn við Alvie-kastalann í skosku hálöndunum. Mynd: J.G.P. (S.Í.).



Furuskógar voru eitt sinn umfangsmiklir í Skotlandi, en hefur nánast alveg verið eytt. Hér eru leiðangursmenn staddir í gömlum furuskógi sem hefur sloppið og nefnist Black Wood of Rannoch. Mynd: J.G.P. (S.Í.).

verðir staðir voru heimsóttir auk þess sem hugað var að sekkjapípuleik og whisky-verksmiðjum!

Hagyrðingar hópsins fóru oft á kostum. Einhverjir sögðu Hákonni Aðalsteinssyni skógarbónda það að Margréti í Dalsmynni hefði orðið starsýnt á hann þar sem hann stóð með leðurhatt og reykti pípu í skóginum og sögðu honum þessa vísu sem Margrét orti fyrir nokkrum árum:

Ef þú reykir eins og hippa ertu fljótt með tóman haus reikar um með tjörutyppi titrandi og getulaus

Hákonni fannst þetta alls ekki geta staðist, þrátt fyrir reykingarnar og svaraði því Margréti um hæl:

Á mér eru tækin traust
tímans kröfum sinna
typpi mitt er tjörulaust og
teygist eins og hinna.

Ferðinni verða gerð ýtarleg skil í næsta Skógræktarriti. Stefnir Skógræktarfélag Íslands að því að hafa framhald á svona fróðleiksferðum til framtíðar landa.



Hákon Aðalsteinsson skógarbóndi og hagyrðingur stillir sér upp fyrir myndatöku ásamt gömlum kollega úr Hálöndunum. Mynd: J.G.P. (S.Í.).



Lykillinn að góðu kvöldi